

VS Samfélagsgreinar 8.bekkur 2021-2022

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

8

Lýsing

Samfélagsgreinar og landafræði

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Unnið verður með grunnbækurnar *Um víða veröld jörðin* og *Um víða veröld heimsálfurnar*. Farið er sameiginlega yfir textann í tímum svo allir náí því sem unnið er með þá stundina. Kennari velur þau verkefni sem nemendur eiga að vinna úr kaflanum - en stundum hafa nemendur velja ákveðinn fjölda verkefna úr, þ.e. kannski 6 verkefni af 10 sem eru í boði. Mikil áhersla er lögð á umræður um efnið, sjálfstæð vinnubrögð sem og vinnu í hópum eða tvenndum þegar það á við.

Námsmat

Um símat er að ræða. Nemendur skila öllum verkefnum í gengum Google Classroom og fá endurgjöf um leið og þeim er lokið

VS Samfélagsgreinar fyrir 8. bekk 2021-2022

- **Framvinda**
- **Samantekt**

VS Samfélagsgreinar fyrir 8. bekk 2021-2022 - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.
- Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.
- Greint mynstur mannglegra athafna sem móta umhverfi og búsetuskilyrði.
- Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.
- Þekki til heimabyggðar sinnar, umhverfis, sögu, menningar, lista, félagsstarfs og atvinnulífs.
- Þekki til nokkurra tímabila í sögu mannsins.
- Útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.
- Þekki ólík trúar- og lífsviðhorf og geri sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.


VS Samfélagsgreinar fyrir 8. bekk 2021-2022 - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum


- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Greint neikvæð og jákvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir velferð fólks í voða.
- Lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.
- Sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.


VS Samfélagsgreinar fyrir 8. bekk 2021-2022 - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra


- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- Sinnt velferð og hag samferðafólks síns.
- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.
- Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.

NÁMSEFNI/GÖGN

 **Um víða veröld heimsálfur**
Hljóðbók
(<https://mms.is/namsefni/um-vida-verold-heimsalfur-hljodbok>)

 **Um víða veröld - jörðin**
Hljóðbók
(<https://mms.is/namsefni/um-vida-verold-jordin-hljodbok>)

 **Um víða veröld - jörðin**
Rafbók
(<https://mms.is/namsefni/um-vida-verold-jordin-rafbok>)

 **Um víða veröld - heimsálfur**
Rafbók
(<https://mms.is/namsefni/um-vida-verold-heimsalfur-rafbok>)